



Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 28. ágúst 2023



Fyrsti fundur 66. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 28. ágúst 2023 kl. 12.00.

Mættir voru, Guðmundur B. Ólafsson, Arnar Þorkelsson, Davíð Lúther Sigurðarson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson, og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

- 1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar**
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
- 2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns**
RG fór yfir sumarið og árangur yngri landsliða sem voru í lang flestum tilvikum á eða yfir pari. Einstök landslið verða svo rædd betur með landsliðsnefndum. GBO kynnti einnig fyrir stjórn aðdraganda þess að kvennalandsliðið fékk sæti á HM. Ícelandair mun setja um pakka í kringum mótið. Þá hefur miðasala á EM í Þýskalandi gengið frábærlega. Þá kynnti RG einnig breytingar á starfsmannahaldi skrifstofunnar en Magnús Kári Jónsson lét af störfum og í hans stað var ráðinn Herbert Ingi Sigfússon. Magnúsi Kára eru þökkuð góð störf.
- 3. Fundartími stjórnar og skipun nefnda**
Fundartími stjórnar verður fastur fyrsta mánudag í mánuði. Nefndarformenn eru beðnir um að koma með tillögum að nefndarskipan fyrir næsta fund stjórnar.
- 4. Sjóntvarpsmál og styrktarmál Olís deilda**
GBO og RG kynnti stöðu í sjóntvarpsmálum. RG fór yfir kynningu á sjóntvarpsmálum fyrir stjórn. RS velti fyrir sér þann möguleika að flytja þann rekstur í sér félag. AÞ og RG munu skoða það nánar.
- 5. Formannafundur**
Verður boðaður um leið og síðustu samningar liggja fyrir.
- 6. Samningsmál HSÍ og HDSÍ**
HDSÍ sendi HSÍ tillögur um kjarasamning. HSÍ mun stofna nefnd formanna sem tekur boltann áfram með HSÍ.
- 7. Umsókn um HM 2029 eða 2031**
GBO kynnti ferli varðandi umsókn um HM 2029 eða 2031. GBO fær umboð til að fylgja þessu eftir.
- 8. Önnur mál**

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari